

Borgarráð

Heiðursborgari Reykjavíkur

Lagt er til að borgarráð samþykki að gera Þorgerði Ingólfssdóttur, tónlistarkennara og kórstjóra, að heiðursborgara Reykjavíkur. Með nafnbótinni vill Reykjavíkurborg þakka Þorgerði fyrir ómetanlegt og óeigingjarnt starf í þágu tónlistaruppeldis reykvískra ungmenna.

Greinargerð:

Þorgerður er fædd árið 1943 og stundaði tónlistarnám frá sjö ára aldri. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1963, tónmenntakennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík tveimur árum síðar og nam tónvísindi og kórstjórn á meistarastigi við University of Illinois í Bandaríkjunum. Hún hefur einnig stundað tónlistarnám í Austurríki, Bretlandi, Ísrael, Noregi og Sviss og nam auk þess guðfræði um hríð við Háskóla Íslands. Þorgerður stofnaði Kór Menntaskólans við Hamrahlíð árið 1967 og framhaldskór hans, Hamrahlíðarkórinn, árið 1982. Undir stjórn Þorgerðar hafa kórarnir notið gríðarlegra vinsælda, haldið ótalmarga tónleika hér heima og erlendis, gert upptökur fyrir útvarp og sjónvarp, gefið út hljómplötur og geisladiska og hlotið margvísleg verðlaun, viðurkenningar og lofsamlega dóma. Þúsundir ungmenna hafa hlotið tónlistaruppeldi í Hamrahlíðarkórnum. Ljóst er að kórarnir hafa haft víðtæk áhrif á íslenskt tónlistarlíf, í gegnum tónlistaruppeldi, innblástur og öguð vinnubrögð. Fjöldi þeirra landsþekktu tónlistarmanna og hljómsveita sem hafa haft þar viðkomu er nánast ótæmandi og nægir að nefna Sigríði Thorlacius, Björk Guðmundsdóttur, Kristinn Sigmundsson, Egil Ólafsson og Valgeir Guðjónsson, og hljómsveitirnar Spilverk þjóðanna, Hjaltalín og Moses Hightower svo aðeins fáeinir séu nefndir.

Jafnframt því að stjórna Hamrahlíðarkórnum kenndi Þorgerður við Tónlistarskólann í Reykjavík í tæp þrjátíu ár. Hún sá um kynningar á fjölskyldu- og skólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í sjö ár og var framkvæmdastjóri Zukofsky-tónlistarnámskeiðanna fyrstu árin. Hún var fulltrúi tónlistarmanna í stjórn Bandalags íslenskra listamanna í mörg ár og fulltrúi Íslands á sviði tónlistar í Kaleidoscope-verkefni Evrópusambandsins, í Sleipni og í norrænu tónlistarnefndinni, NOMUS. Þorgerður hefur tekið mjög virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði tónlistar og meðal annars setið í dómnefndum í ýmsum alþjóðlegum tónlistarkeppnum. Þorgerður var aðalstjórnandi æskukórsins Radda Evrópu sem var viðamesta samstarfsverkefni menningarborga Evrópu árið 2000 og árið 2011 stjórnaði hún jafnframt Röddum Íslands, kór 150 ungra kórsöngvara af öllu landinu sem kom fram á opnunarhátíð Hörpu. Þorgerður hefur á ferli sínum hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir störf sín, en meðal annars var hún gerð að borgarlistamanni Reykjavíkur árið 2012 og ári síðar var hún sæmd heiðursverðlaunum Íslensku tónlistarverðlaunanna. Þá var Þorgerður sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu

árið 1985 fyrir tónlistarstörf.

Hingað til hafa sex Reykvíkingar verið gerðir heiðursborgarar Reykjavíkur en þeir eru; séra Bjarni Jónsson árið 1961, Kristján Sveinsson árið 1975, Vigdís Finnbogadóttir árið 2010, Erró (Guðmund Guðmundsson) árið 2012, Yoko Ono árið 2013 og Friðrik Ólafsson árið 2015.

Dagur B. Eggertsson